

# FUNDARGERÐ

## 188. stjórnarfundur KRAFT

188. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 14. apríl, kl. 20.00 í gegnum Google Meet.

**Fundarmenn:** Alex, Aron Ingi, Ingimundur, Kristleifur, Laufey, Lára og Þórunn

**Fjarverandi:** Elín

**Fundarritari:** Laufey

### 1. Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum

Verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

### 2. Afreksmiðstöð Íslands

AMÍ er að funda með fulltrúum allra sérsambandana. Laufey, Lára og Auðunn mættu á fund sl. mánudag. Laufey sagði stuttlega frá fundinum sem var gagnlegur fyrir bæði KRAFT og AMÍ.

### 3. Reglugerð um agabrot

Laganefnd KRAFT hefur unnið að nýrri reglugerð. Formaður sendi á stjórn tvær útgáfur að lesa. Stefnt að samþykkja nýja reglugerð á næsta stjórnarfundum.

### 4. Landsliðsmál

Það var ljóst eftir síðustu uppfærslu á Verklagsreglum um val í landslið mótin til og með Bikarmóti í klassískum kraftlyftingum lyki (sem var síðustu helgi) yrðu notuð af keppendum til að uppfylla kröfurnar í Verklagsreglum.

Erindi frá landsliðsnefnd tekið fyrir vegna næstu landsliðsverkefna. Umræða varð í framhaldinu um fjölda þjálfara og aðstoðarmanna á alþjóðamótum. Rætt um að setja á blað viðmið sem landsliðsnefnd getur notað við vinnu sína.

Ingimundur, formaður landsliðsnefndar, upplýsti að eftir að ÍM unglunga í klassík um næstu helgi verður hægt að negla niður fjölda keppenda, yfirþjálfara í hverju verkefni, fjölda annarra þjálfara / aðstoðarmanna og dómara fyrir allt árið.

Skoða þarf við næstu vinnu við lágmark hvort breyta eigi gildistíma lágmarka, hefur verið 2 ár en hvort lengja eigi í 3 ár eða lengur. Landsliðsnefnd skoðar.

### 5. Gagnabanki

Lára Bogey sýndi stjórn gögn frá Kára Rafni sem hann hefur unnið í sínum frítíma. Vakti ánægju stjórnar.

### 6. Verkefnalisti

Formaður sendi á stjórn og Láru verkefnalista (drög) fyrir nokkrum vikum. Laufey renndi yfir listann, ítrekaði að þetta væru drög, hægt að breyta og bæta við en að hefja skuli vinnu við þessi verkefni sem eru þegar listuð. Nokkur atriði á listanum

voru rædd sérstaklega m.a. kennsla vegna sérgreinahluta þjálfaranáms, dómarafatnaður, reglugerð o.fl.

## **7. Önnur mál**

-

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.  
Fundir slitið kl. 21:00